



SLYSAVARNAFÉLAG ÍSLANDS
THE NATIONAL LIFE-SAVING ASSOCIATION OF ICELAND

VERNDARI/PATRON:
FORSETI ÍSLANDS/THE PRESIDENT OF ICELAND

Alþingi

Erindi nr. D 121/1973

komudagur 4/13 1997

Reykjavík, 3. mars 1997.

*Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.*

Slysavarnafélag Íslands hefur kynnt sér frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál, heildarlöggjöf og vill gera eina athugasemd við sjöttu grein frumvarpsins. Þar er fjallað um hvaða aðilar skulu staðfesta uppdrætti af hættusvæðum tilgreindum af Veðurstofu Íslands. Í greininni er ekki minnst á björgunarsveitir, en nauðsynlegt getur verið fyrir björgunarlið að kynna sér vel alla uppdrætti áður en farið er inn á hættusvæði.

*Virðingarfyllst
f.h. Slysavarnafélags Íslands*

Esther Guðmundsdóttir

Esther Guðmundsdóttir
- framkvæmdastjóri -